

Húnabyggð og Skagabyggð

Kynning samstarfsnefndar á tillögu um sameiningu sveitarfélaganna

Mai 2024



Inngangur

Í febrúar 2024 samþykktu sveitarstjórnir Húnabyggðar og Skagabyggðar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvörðun um skipan samstarfsnefndar byggir á undirbúningsviðræðum sveitarstjórnanna sem hófust síðari hluta árs 2023.

Þann 30. apríl 2024 skilaði samstarfsnefnd álit sínu til sveitarstjórnanna tveggja:

„Það er mat samstarfsnefndarinnar, að undangengnu umfangsmiklu samráði og greiningu, að það væri framfaraskref að sameina sveitarfélögin í eitt sveitarfélag. Þannig verður til öflugt sveitarfélag með sterkari rekstrargrundvöll sem getur bætt þjónustu við íbúa og með aukinn slagkraft“.



Samstarfsnefnd

Í samstarfsnefnd um sameiningu sátu eftirfarandi fulltrúar:

Fyrir Húnabyggð:

- Auðunn Sigurðsson
- Elín Aradóttir
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Ragnhildur Haraldsdóttir

Fyrir Skagabyggð:

- Bjarney Jónsdóttir
- Kolbrún Ágústa Guðnadóttir
- Kristján Heiðmar Kristjánsson
- Magnús Björnsson

Einnig störfuðu með samstarfsnefndinni Pétur Arason sveitarstjóri Húnabyggðar og Erla Jónsdóttir oddviti Skagabyggðar. Sveitarfélögin réðu KPMG til að aðstoða undirbúningshóp og samstarfsnefndina við vinnslu verkefnisins.



Kosningar um sameiningu

Kosningarnar fara fram í hvoru sveitarfélagi fyrir sig dagana 8.-22. júní. Kjósendur greiða atkvæði í því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili.

Kosningarétt hafa íslenskir og norrænir ríkisborgarar sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok atkvæðagreiðslunnar þann 22. júní 2024 og eru með skráð lögheimili í öðru hvoru sveitarfélaganna þann 16. maí 2024.


Erlendir ríkisborgarar sem uppfylla sömu skilyrði og íslenskir og sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir upphaf kosninga, eiga einnig kosningarétt.

Opnað verður fyrir uppflettingu í kjörskrá 14 dögum áður en kosningar hefjast á vefsvæði Þjóðskrár:

www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa

Nánari upplýsingar eru á upplýsingavef um kosningarnar:

www.hunabyggd.is/is/ibuakosning



Sveitarfélögin



Skagabyggð

Skagabyggð varð til við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps árið 2002. Sveitarfélagið á mörk að Húnabyggð í suðri, Sveitarfélaginu Skagaströnd og Sveitarfélaginu Skagafirði í austri.

Flatarmál: 489 km²

Íbúar 1. janúar 2024: 86




Húnabyggð

Húnabyggð varð til við sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps árið 2022. Sveitarfélagið á mörk að Skagabyggð í norðri, Húnaþingi vestra í vestri, Skagafirði í austri og Bláskógabyggð í suðri.

Flatarmál: 4.000 km²

Íbúar 1. janúar 2024: 1.264



Hvers vegna sameiningarviðræður?

Stefna stjórnvalda

Stefna stjórnvalda er að stuðla að aukinni sjálfbærni sveitarfélaga. Stefnt er að því að ekkert sveitarfélag verði undir 1.000 íbúum. Minni sveitarfélög eiga að hefja viðræður um sameiningu eða gera grein fyrir getu sveitarfélagsins til að sinna lögbundnum verkefnum og tækifærum sem felast í sameiningu.

Vaxandi kröfur til sveitarfélaga

Lagakröfur varðandi skyldur sveitarfélaga eru alltaf að aukast, bæði varðandi verkefni og þær formkröfur sem gerðar eru í stjórnsýslu. Dæmi um slíkar kröfur eru kröfur varðandi ábyrga fjármálastjórn, sorphirðu, brunavarnir, upplýsingagjöf, málsmeðferð og skjalavistun.

Aukin áhersla á sjálfbærni

Vaxandi áhersla er á að sveitarfélög séu sjálfbær í fjárhagslegu, félagslegu og umhverfislegu tilliti. Stærri sveitarfélög eru líklegri en minni sveitarfélög til að geta veitt nauðsynlega þjónustu og staðið undir kostnaði við veitingu hennar.



Kröfur íbúa til þjónustu

Íbúar hafa betra aðgengi að upplýsingum en áður, þekkja betur rétt sinn og gera meiri kröfur. Þeir bera þjónustu síns sveitarfélags saman við þjónustu annarra sveitarfélaga og vilja sambærilega þjónustu ef hún er betri.

Sameiginlegir hagsmunir

Sameiginlegir hagsmunir og góð reynsla af samstarfi sveitarfélaga í byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum leiðir stundum til þess að sveitarstjórnarfolk skoðar sameiningu. Samstarfsverkefnum fylgir oft kostnaður og það hallar á lýðræðið þegar ákvörðunarvald er fært til byggðasamlags eða annars sveitarfélags.

Erfitt að manna hlutverk

Minnkandi áhugi á sveitarstjórnarmálum og þátttöku í nefndarstörfum gerir sveitarstjórnnum minni sveitarfélaga erfitt fyrir að manna nefndir og hlutverk fulltrúa sveitarfélagsins í samstarfsnefndum og stjórnnum félaga.

Lagaákvæði um lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum

Stefna stjórnvalda er að stuðla að færri og stærri sveitarfélögum í þeim tilgangi að tryggja að þau geti sinnt lögbundnum verkefnum.

Í sveitarstjórnarlögum eru ákvæði um að stefnt skuli að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga sé ekki undir 1.000.

Sveitarstjórn í sveitarfélagi með færri en 1.000 íbúa á tvo kosti að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

- a) Að hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög.
- b) Að skila áliti um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og mögulegum kostum þess að sameinast öðrum sveitarfélögum.

§ 4.a.

„Í því skyni að auka sjálfbærni sveitarfélaga og tryggja getu þeirra til að annast lögbundin verkefni skal stefna að því að lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags sé ekki undir 1.000“.

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011



Stöðugreining

Núverandi staða Skagabyggðar

Nær öll þjónusta Skagabyggðar er veitt með samstarfssamningi við nágrannasveitarfélag eða í byggðasamlögum. Starfsmenn sveitarfélagsins eru þrír, oddviti og tveir aðrir starfsmenn í hlutastarfi. Meðal þeirra þjónustupátta sem sveitarfélagið veitir í byggðasamlagi eða með samstarfssamningi við önnur sveitarfélög eru:

01 Félagsþjónusta

02 Barnavernd

03 Rekstur grunn- og leikskóla

04 Rekstur tónlistarskóla

05 Félags- og frístundastarf

06 Félagsstarf eldri borgara

07 Rekstur bókasafns

08 Brunavarnir



Núverandi staða Húnabyggðar

Húnabyggð veitir alla helstu þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita á eigin vegum en þó er samstarf við nágrannasveitarfélög um rekstur félags- og skólaþjónustu, barnavernd og þjónustu við fatlað fólk og fleira. Áform eru uppi um að sveitarfélagið taki til sín starfsemi félagsþjónustu og skólaþjónustu.

Stjórnsýsla sveitarfélagsins er staðsett á Blönduósi. Meðal þjónustupátta sem sveitarfélagið sinnir eru:

01

Grunnskóli

02

Leikskóli

03

Þjónustumiðstöð

04

Íþróttamiðstöð og -svæði

05

Félags- og frístundastarf

06

Félagsstarf eldri borgara

07

Bókasafn

08

Brunavarnir



Fjallskilamál í Skagabyggð

Sveitarstjórn skipar fjallskilanefnd sem annast stjórn og framkvæmd fjallskilamála innan sveitarfélagsins.

Í sveitarfélaginu eru tvær fjallskiladeildir:

- Fjallskiladeild Vindhælinga
- Fjallskiladeild Skagamanna

Skagabyggð sinnir viðhaldi á hreppagirðingu á mörkum Sveitarfélagsins Skagastrandar og Skagabyggðar og sér um að ráða verktaka. Sveitarfélögin skipta kostnaði til helminga.

Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á réttum og girðingum innan sveitarfélagsins, Fossárrétt og Kjalarlandsrétt, einnig eru Húnabyggð og Skagabyggð með samning sín á milli um viðhald og rekstur á Skrapatungurétt og tengdum mannvirkjum.

Skagabyggð leigir land undir réttir og geymsluhólf.

Skagabyggð sér um smölun fyrir Sveitarfélagið Skagaströnd samkvæmt samningi þar um.



Fjallskilamál í Húnabyggð

Sveitarstjórn skipar landbúnaðarnefnd sem hefur umsjón með afréttarmálum og fjallskilum innan sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

Í Húnabyggð eru fjórar fjallskiladeildir.

- Fjallskiladeild Auðkúluheiðar
- Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiðar
- Fjallskiladeild Bólstaðarhlíðarhrepps
- Fjallskiladeild Blönduósbæjar

Sveitarfélagið sinnir viðhaldi á heiðar- og afréttargirðingum, að undanskildum þeim sem Auðkúluheiði ehf. og Eyvindarstaðarheiði ehf. sinna og viðhaldi á skilaréttum innan sveitarfélagsins. Sveitarfélagið annast einnig viðhald á hesthúsum og gangnamannaskálum á Auðkúluheiði, Grímstunguheiði og Haukagilsheiði. Samstarf er við Skagafjörð um viðhald mannvirkja á Eyvindarstaðaheiði.

Sveitarfélagið leigir land undir réttir og geymsluhólf.



A scenic landscape featuring a dirt road in the foreground, a green field with a fence, and rolling hills in the background under a cloudy sky. The text "Lýðfræðilegir þættir" is overlaid on a light green rectangular background.

Lýðfræðilegir þættir

Íbúapróun


Heildarfjöldi íbúa í Húnabyggð var 1.294 og 84 í Skagabyggð samkvæmt gögnum Þjóðskrá 30.04.24.

Íbúafjöldi í Húnabyggð og Skagabyggð hefur verið stöðugur og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram á næstu árum.

Hér til hliðar má sjá íbúapróun sveitarfélaganna frá árinu 2010 og íbúaspá sveitarfélaganna til ársins 2033 samkvæmt háspá.

Aldurssamsetning sameinaðs sveitarfélags nálgast landsmeðaltal. Hægt er að sjá samsetninguna á næstu glæru.


Íbúapróun og háspá




Heimild: Byggðastofnun og húsnæðisáætlun

Aldurstré


Skagabyggð



Húnabyggð



Sameinað sveitarfélag



Heimild: Byggðastofnun



Fjārthagur

Almennt um fjármál sveitarfélaga



Fjárhagsleg viðmið í lögum og reglugerðum:

Jafnvægisregla

„Samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum.“

Skuldaregla

„Heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.“

Fjármál sveitarfélaga skiptast í A- og B-hluta

- A-hluti: starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum.
- B-hluti: fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem sjálfstæðar einingar.



Meginregla um ábyrga fjármálastjórnun

Samkvæmt 64. gr. sveitarstjórnarlaga ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.


Samanteknar upplýsingar úr ársreikningum 2022

A- og B-hluti samtals	Húnabyggð millj. kr.	Skagabyggð millj. kr.	Samanlagt millj. kr.	Húnabyggð millj. kr. pr. íbúa	Skagabyggð millj. kr. pr. íbúa	Samanlagt millj. kr. pr. íbúa
Fjöldi íbúa 1. janúar 2023	1.261	89	1.350			
Fjöldi íbúa 1. janúar 2024	1.263	86	1.349			
Upplýsingar úr ársreikningum 2022 *						
Rekstrartekjur	2.248,3	117,6	2.365,9	1,8	1,3	1,8
Rekstrargjöld	2.096,2	118,6	2.214,8	1,7	1,3	1,6
Framlegð	152,1	-0,9	151,1	0,1	0,0	0,1
Veltufé frá rekstri	91,3	-0,7	90,5	0,1	0,0	0,1
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	294,9	0,0	294,9	0,2	0,0	0,2
Söluverð rekstrarfjármuna	77,3	0,0	77,3	0,1	0,0	0,1
Skuldir og skuldbindingar	3.263,4	19,4	3.282,7	2,6	0,2	2,4
Framlegðarhlutfall	6,8%	-0,8%	6,4%	-	-	-
Veltufjárhlutfall	0,51	3,44	0,56	-	-	-
Skuldaviðmið	117,7%	0,0%	110,3%	-	-	-

*) Ársreikningar fyrir árið 2023 eru í vinnslu en hafa ekki verið afgreiddir formlega af sveitarstjórnnum

Fjárhagsleg viðmið og skilyrði

Rekstrarjöfnuður/ jafnvægisregla



Heimild:


Samanlagðar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum Húnabyggðar og Skagabyggðar með framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.

Jafnvægi í rekstri

- Skilyrði um jafnvægi í rekstri miðast við að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar A- og B-hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.
- Með því að leggja saman ársreikninga og fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna má fá grófa mynd af því hvernig rekstur og fjárhagsstaða sameinaðs sveitarfélags gæti þróast á næstu árum
- Samanlagðir ársreikningar (2022), útkomuspár (2023) og fjárhagsáætlanir (2024-2027) gefa til kynna að rekstrarjöfnuður sameinaðs sveitarfélags verði jákvæður frá og með árinu 2025.
- Í samanlögðum fjárhagsáætlunum hafa framlög frá Jöfnunarsjóði vegna sameininga umtalsverð áhrif á rekstrarafkomu og þar með á þriggja ára rekstrarjöfnuð sameinaðs sveitarfélags
- Framangreind framlög styrkja rekstrargrunn sveitarfélagsins til næstu ára og hafa þannig jákvæð áhrif á þróun lykilstærða í fjármálum sameinaðs sveitarfélags. Um tímabundin framlög er að ræða sem verða að fullu fallin niður eigi síðar en að sjö árum liðnum.

Fjárhagsleg viðmið og skilyrði

Skuldahlutfall og skuldaviðmið



Heimild:

Samanlagðar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum Húnabyggðar og Skagabyggðar með framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.


Viðmið um skuldsetningu

- Skilyrði um hámark skuldsetningar sveitarfélags miðast við að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.
- Samkvæmt samanlögðum fjárhagsupplýsingum fyrir sveitarfélögin tvö er áætlað að skuldahlutfall og skuldaviðmið fari lítillega lækkandi á komandi árum og gert er ráð fyrir að skuldaviðmið verði komið niður fyrir 100% í árslok 2027.
- Samhliða lækkun skuldahlutfalls lækkar framlegðarkrafa samkvæmt viðmiðum EFS* en krafa nefndarinnar um framlegðarstig tekur mið af skuldahlutfallinu á hverjum tíma.
- Myndin hér til vinstri sýnir áætlaða þróun skuldahlutfalls og skuldaviðmiðs samkvæmt samanlögðum fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árin 2024 til 2027, að teknu tilliti til viðbótarframlaga úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Fjárhagsleg viðmið og skilyrði

Framlegðarlutfall



Heimild:

Samanlagðar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum Húnabyggðar og Skagabyggðar með framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.


Viðmið um framlegð

- Framlegðarkrafa samkvæmt viðmiðum EFS tekur mið af skuldahlutfalli sveitarfélags á hverjum tíma. Eftir því sem skuldahlutfall er hærra því meiri þarf framlegðin að vera til að standa straum af greiðslu vaxta og afborgana.
- Myndin hér til vinstri sýnir þróun framlegðarlutfalls samkvæmt samanlögðum fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árin 2024 til 2027.
- Að gefinni þeirri forsendu að áætlanir sveitarfélaganna til næstu ára gangi eftir er útlit fyrir að framlegð af rekstri sameinaðs sveitarfélags verði yfir viðmiðum EFS um framlegð í hlutfalli við skuldasetningu.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Fjárhagsleg viðmið og skilyrði

Veltufé frá rekstri



Heimild:

Samanlagðar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum Húnabyggðar og Skagabyggðar með framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.


Viðmið um veltufé frá rekstri

- Viðmið EFS um veltufé frá rekstri tekur sömuleiðis mið af skuldahlutfalli sveitarfélags á hverjum tíma. Eftir því sem skuldahlutfall er hærra því hærra þarf veltufé frá rekstri að vera í hlutfalli við tekjur.
- Myndin hér til vinstri sýnir áætlaða þróun hlutfalls veltufjár frá rekstri samkvæmt samanlögðum fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árin 2024 til 2027.
- Að gefinni þeirri forsendu að áætlanir sveitarfélaganna til næstu ára gangi eftir er útlit fyrir að veltufé frá rekstri sameinaðs sveitarfélags verði yfir viðmiðum EFS um framlegð í hlutfalli við skuldasetningu.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Fjárhagsleg viðmið og skilyrði

Skuldabekja (Framlegð / (afborganir + vextir))



Heimild:

Samanlagðar fjárhagsupplýsingar úr ársreikningum og fjárhagsáætlunum Húnabyggðar og Skagabyggðar með framlögum Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar.

Greiðslugeta

- Fjárhagsleg geta sameinaðs sveitarfélags til greiðslu afborgana af skuldum aukast með hækkun framlaga Jöfnunarsjóðs á næstu árum.
- Myndin hér til hliðar sýnir áætlaða þróun skuldabekju samkvæmt samanlögðum fjárhagsáætlunum sveitarfélaganna fyrir árin 2024 til 2027.
- Í fjárhagsáætlunum er gert ráð fyrir nýjum lántökum eða endurfjármögnun á árunum 2026 til 2027 til að mæta fjárpörf og afborgunum af skuldum og skuldbindingum.
- Á meðfylgjandi mynd má sjá áætlaða skuldabekju sameinaðs sveitarfélags miðað við núgildandi áætlanir að viðbættum þeim framlögum frá Jöfnunarsjóði sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan.
- Við sameiningu Húnabyggðar og Skagabyggðar má gera ráð fyrir að hluti af núverandi starfsemi Skagabyggðar falli inn í starfsemi Húnabyggðar án þess að kostnaður aukist.
- Í umfjöllun hér að framan um fjármál sameinaðs sveitarfélags hefur ekki verið gert ráð fyrir mögulegum samlegðaráhrifum á reksturinn.

* EFS = Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.

Sameinaðar fjárhagsáætlanir 2024



Íbúafjöldi

55,6 m.kr.

Rekstrarniðurstaða

15,5%

Framlegð sem hlutfall af tekjum

Skuldaviðmið

104,2%

Skuldahlutfall

127,5%

Veltufjárhlutfall

0,71

Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum

11,5%



1


Leikskóli

1

Grunnskóli

Jafnvægisregla

Jafnvægi í rekstri á hverju þriggja ára tímabili (m.kr.)



Heimild: Samanlagðar fjárhagsáætlanir Húnabyggðar og Skagabyggðar 2024 að teknu tilliti til viðbótarframlaga úr Jöfnunarsjóði vegna sameiningar.



Tillaga samstarfsnefndar

Sveitarstjórn og heimastjórn



Skipuð verði heimastjórn fyrir Skagabyggð í stjórnskipulagi hins sameinaða sveitarfélags sem starfi fram að næstu sveitarstjórnarkosningum.

- Sveitarstjórn Húnabyggðar verður sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags ef sameining verður samþykkt.
- Skipuð verði heimastjórn fyrir Skagabyggð sem í sitja núverandi aðalmenn í sveitarstjórn Skagabyggðar. Varamenn í sveitarstjórn verða varamenn í heimastjórn.
- Markmið með heimastjórn er að tryggja áhrif íbúa á ákvörðunartöku hins sameinaða sveitarfélags varðandi nærumhverfi þeirra.
- Helstu áhersluverkefnum sveitarfélagsins verður fylgt eftir út kjörtímabilið.
- Gert er ráð fyrir að leitað verði eftir samningi við Sveitarfélagið Skagaströnd um að að börn geti sótt leik- og grunnskóla og tómstundir á Skagaströnd kjósi foreldrar þeirra það. Eins yrði leitað eftir samningum um áframhaldandi þátttöku aldraðra og öryrkja sem þess óska í félagsstarfi og um samstarf við slökkvilið til að tryggja öryggi og viðeigandi viðbragð.

Hlutverk heimastjórnar Skagabyggðar

Hlutverk heimastjórnar Skagabyggðar yrði að annast þau störf sem sveitarstjórn felur henni og snúa að því landssvæði sem tilheyrir Skagabyggð. Hlutverk heimastjórnar Skagabyggðar yrðu meðal annars:

01

Umsjón með verk-efnum í gildandi framkvæmdaáætlun á starfssvæðinu sem eru uppbygging í Kálfshamarsvík og uppsetning varma-dæla á lögbýlum í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun.

02

Vera ráðgefandi varðandi umsóknir barna á starfssvæðinu á leik- og grunnskólaaldri um skólavist og við-eigandi akstursþjónustu og um félags- og tómstundastarf.

03

Vera ráðgefandi varðandi umsóknir aldraðra íbúa á starfssvæðinu um tómstunda- og akstursþjónustu.

04

Hafa eftirlit með framkvæmd samninga sem gilda eiga eftir sameiningu sveitarfélaganna.

05

Veita umsagnir um öll þau málefni sem snerta hagsmuni íbúa innan sveitarfélagamarka Skagabyggðar eins og þau voru fyrir sameiningu.

Fjallskilamál

Fjallskilanefnd Skagabyggðar sem skipuð var í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2022 skal starfa áfram í óbreyttri mynd til næstu sveitarstjórnarkosninga 2026. Skal nefndin sinna verkefnum er varða fjallskiladeildir innan sveitarfélagamarka Skagabyggðar, eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá apríl 2024.

Gjaldskrár

Hér til hliðar má sjá núverandi gjaldskrá sem gildir út árið 2024.

Gjaldskrár sveitarfélaganna eru í stórum dráttum sambærilegar en sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur ákvarðanir varðandi gjaldskrá fyrir næsta fjárhagsár.

Gjaldskrár	Skagabyggð	Húnabyggð
Útsvar	14,97%	14,97%
Fasteignaskattur - A flokkur	0,50%	0,50%
Fasteignaskattur - B flokkur	1,32%	1,32%
Fasteignaskattur - C flokkur	0,50%	1,65%
Lóðaleiga - af fasteignamati lóðar	-	2,00%
Rotþró 6001 lítra og stærri*	15.000	33.330
Fráveitugjald	-	0,25%
Vatnsgjald vatnsveitu	-	0,275%
Leikskólagjald 8 tíma vistun + fæðisgjald**	39.535	22.430

* Rotþróargjald í Skagabyggð er 45 þ.kr. og er innheimt á þriggja ára fresti.

** Gjald í leikskóla í Skagabyggð er samkvæmt gjaldskrá Sveitarfélagsins Skagastrandar



Aðkoma ríkis og Jöfnunarsjóðs


Hér má sjá áætlun sameiningarframlaga frá Jöfnunarsjóði ef sveitarfélögin sameinast. Engin framlög eru greidd vegna Húnabyggðar þar sem stutt er síðan sameiningarframlög voru greidd vegna sameiningar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps.

Ráðuneytið hefur til skoðunar nýtt ákvæði í reglum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði til að styðja við uppbyggingu á leik- og grunnskóla. Framlagið gæti numið allt að 100 m.kr.

Vegagerðin hefur upplýst að hún muni ráðast í endurbyggingu Skagavegar frá Harrastöðum út fyrir Brunanámu og áætlað að ljúka við framkvæmdina á árinu 2026.

Stuðningur Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar Húnabyggðar og Skagabyggðar	m.kr.
Framlag til endurskipulagningar á þjónustu og stjórnsýslu	100
Byggðaframlag vegna íbúapróunar	14
Sameiningarframlög samtals	114
Mögulegt framlag til innviðauppbýggingar leik- og grunnskóla	100
Framlag til nýsköpunar- og þróunarvinnu (tilfærsla fyrra framlags)	40
Stuðningur Jöfnunarsjóðs samtals	254


Heimild: Bréf innviðaráðuneytis frá 29. apríl 2024.



Verkefni tengd mögulegri sameiningu

Samstarfsnefnd hefur skilgreint ákveðin verkefni sem leggja beri áherslu á við sameiningu þannig að tryggt verði að fjármunum verði veitt í verkefni sem skipta íbúa miklu máli:

- Uppbygging ferðapjónustu í Kálfshamarsvík. Fjölgun viðkomustaða og uppbygging segla í ferðapjónustu er til þess fallin að styrkja og efla svæðið í heild sinni og skiptir því miklu máli fyrir stærra svæði en núverandi Skagabyggð.
- Vilyrði hefur fengist fyrir því að styrkur að fjárhæð 40 millj. kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem ætlaður var til uppbyggingar Umhverfisakademíu, renni til uppbyggingar Textílmíðstöðvar Íslands á Blönduósi. Þar er unnið mikilvægt nýsköpunar- og frumkvöðlastarf sem snýr að fullvinnslu og umhverfisvænni textíliðnaði.



Samantekt

Aðkoma Jöfnunarsjóðs og Vegagerðar

- 100 m.kr. vegna endurskipulagningar þjónustu og stjórnsýslu
- 14 m.kr. vegna íbúapróunar í Skagabyggð
- 40 m.kr. vegna uppbyggingar Textílmíðstöðvar Íslands á Blönduósi
- 100 m.kr. ráðuneytið hefur til skoðunar nýtt ákvæði varðandi uppbyggingu innviða leik- og grunnskóla í sameinuðu sveitarfélagi
- Vegagerðin hefur upplýst að hún muni ráðast í endurbyggingu Skagavegar frá Harrastöðum og út fyrir Brunanámur.

Heimastjórn

Núverandi sveitarstjórn Skagabyggðar verður heimastjórn sem fylgir ákveðnum verkefnum eftir út kjörtímabilið.

Fjallskilamál

Fjallskilanevnd Skagabyggðar sem skipuð var í kjölfar sveitarstjórnarkosninga 2022 starfar áfram í óbreyttri mynd til næstu sveitarstjórnarkosninga 2026.



Sterkara samfélag

Það er mat samstarfsnefndar að vöxtur svæðisins byggi á sameiningu. Sameinað sveitarfélag hefði meiri burði til að tryggja íbúum góða þjónustu og stuðla að blómlegu og kraftmiklu samfélagi til framtíðar.

Fyrirkomulag íbúakosninga

Kosningatímabil, kosningaréttur og kjörskrá

Kosningar íbúa um tillögu samstarfsnefndar fara fram á tímabilinu 8.- 22. júní 2024. Kosningin eru bindandi og þarf samþykki meirihluta íbúa í hvoru sveitarfélagi fyrir sig til þess að af sameiningu verði.

Kosningarétt hafa íslenskir og norrænir ríkisborgarar sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok atkvæðagreiðslunnar þann 22. júní 2024 og eru með skráð lögheimili í öðru hvoru sveitarfélaganna þann 16. maí 2024. Erlendir ríkisborgarar sem uppfylla sömu skilyrði og íslenskir og sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfellt fyrir upphaf kosninga, hafa einnig kosningarétt.

Opnað verður fyrir uppflettingu í kjörskrá 14 dögum áður en kosningar hefjast á vefsvæðinu:

www.skra.is/folk/kjorskra-og-kosningar/hvar-a-eg-ad-kjosa

Kosningarnar fara fram í hvoru sveitarfélagi fyrir sig og greiða kjósendur atkvæði í því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili.

Póstkosning

Sjái íbúi sér ekki fært að mæta á kjörstað á kjörtímabilinu er hægt að óska eftir því að greiða atkvæði sitt með póstkosningu. Slík beiðni skal berast í tölvupósti eða í síma og skal taka fram hvort kjörgögn eigi að berast til viðkomandi aðila í almennum bréfpósti eða í tölvupósti. Sé kosið í póstkosningu ber íbúi ábyrgð á að koma kjörseðli á kjörstað fyrir lokun kjörstaða, 22. júní 2024.

Kjörstaðir

Í Skagabyggð verður kosið í félagsheimilinu Skagabúð.

Opnunartími kjörstaðar í Skagabúð er:

Laugardaginn 8. júní 2024, kl. 12:00 - 14:00

Laugardaginn 15. júní 2024 kl. 12:00 - 14:00

Laugardaginn 22. júní 2024 kl. 12:00 - 18:00

Í Húnabyggð verður kosið á bæjarskrifstofum Húnabyggðar að Hnjúkabyggð 33 og í Ípróttamiðstöðinni að Melabraut 2 á Blönduósi.

Opnunartími kjörstaðar á bæjarskrifstofu:

Virka daga kl. 9:00 - 15:00

Opnunartími kjörstaðar í Ípróttamiðstöð:

Laugardaginn 8. júní 2024 kl. 12:00 - 16:00

Laugardaginn 22. júní 2024 kl. 10:00 - 18:00

Tengiliðir kjörstjórnar vegna póstkosninga

Skagabyggð:

Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir, bjarneyragnhildur@gmail.com

sími: 867-4566

Húnabyggð:

Katrín Benediktsdóttir, katrin@hunabyggd.is

sími: 455-4700

Tillaga samstarfsnefndar verður kynnt á íbúafundum í báðum sveitarfélögum, þann 3. júní í Skagabúð og þann 4. júní í Félagsheimilinu á Blönduósi.

Frekari upplýsingar má finna á heimasíðum sveitarfélaganna.



www.skagabyggd.is



www.hunabyggd.is